

## Aðalfundur FUM 20. mars, 2015

### Fundargerð

Aðalfundur FUM, Félags um menntarannsóknir, var haldinn föstudaginn 20. mars 2015, í húsakynnum Menntavísindasviðs HÍ kl. 12:00-13:35. Viðstaddir voru: Amalía Björnsdóttir, Ásgrímur Angantýrsson, Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Kristján Þór Magnússon, Meyvant Þórólfsson, Sigurlína Davíðsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þorlákur Axel Jónsson (á Akureyri).

Formaður, Kristján Þór Magnússon, setti fundinn og gekk til dagskrár samkvæmt ákvæðum um aðalfundi í lögum félagsins:

1. Fundargerð síðasta fundar
  - a. Áður en gengið var til dagskrár var rætt um að líta bæri svo á að fundurinn sem halda átti í mars 2014 hefði fallið niður og fundur í stað þess fundar yrði ekki haldinn. Þessi fundur væri því aðalfundur árið 2015.
  - b. Fundargerð Aðalfundar 2013 samþykkt samhljóða.
2. Skýrsla stjórnar
  - a. Formaður stjórnar fór yfir dagskrá fundarins.
  - b. Næst las hann skýrslu stjórnar um starfsemi FUM á árinu 2013 – 2015 en virkni félagsins hefur verið mjög lítil um árabíl og mikil orka farið í samskipti við Háskólaútgáfuna (HÚ) vegna stöðu reikninga, sjá skýrslu í viðauka A við fundargerðina. Engar athugasemdir komu fram við skýrsluna.
3. Reikningar félagsins
  - a. Guðný Helga Gunnarsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins 2013 og 2014. Fór hún í gengum reikninga félagsins og gerði jafnframt grein fyrir samskiptum sínum við HÚ, þ.e. erfiðleikum við fá upplýsingar um fjárhagslega stöðu TUM ritsins sem eru ekki tengdir við ársreikningana utan þóknana til ritstjóra. Í máli hennar kom fram að jafnan þegar hún hefi aflað upplýsinga um fjárhagsstöðu TUM frá HÚ hefðu komið fram nýir reikningar um kostnað. Formaður og gjaldkeri hafa verið á nokkrum fundum með framkvæmdastjóra HÚ. Ekki væri séð fyrir endann á þessu feli en í dag væri skuldin rúmlega 1.1 milljón og inneignir félagsins á bók um 900 þúsund. Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Ákvörðun félagsgjalda
  - a. Allmiklar umræður urðu um félagsgjöld og TUM ritið, þ.e. hvort ekki væri rétt að sameina þessi gjöld í einn innheimtulið. Samþykkt að félagsgjöldin yrðu kr. 5000.- fyrir 2015 og áskrift að tímaritinu hluti af þeirri upphæð.
  - b. Stjórn FUM falið að ákveða hvernig yrði farið með kostnað við tímaritið 2014.
5. Stjórnarkjör

- a. Ný stjórn FUM: Amalía Björnsdóttir formaður, Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson. Samþykkt samhljóða. Þeim sem ganga út stjórn er þakkað fyrir þeirra framlag.
  - b. Varamenn: 1. Varamaður: Ásgrímur Angantýrsson ; 2. Varamaður: Auður Pálsdóttir. Samþykkt samhljóða.
6. Kosning tveggja skoðunarmana reikninga
- a. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Meyvant Þórólfsson. Samþykkt samhljóða.
7. Málefni TUM
- a. Tillaga kom fram á fundinum að nýr útgefandi væri fenginn að TUM ritinu. Í umræðunum kom fram að það væri e.t.v. of seint að skipta um útgefanda á þessum tímapunkti þar sem kostnaður hefði þegar verið bókfærður af HÚ á heftið sem væri tilbúið í prentun. Ákveðið að beina erindinu til nýrrar stjórnar.
  - b. Fram kom tillaga um að nýrri stjórn FUM yrði falið að leita eftir samstarfi við stjórn MVS um að Uppeldi og menntun og TUM ritin yrðu sameinuð. Þetta væri brýnt mál, s.s. vegna fækkandi greina sem tímaritunum bærust og vegna slæmrar fjárhagsstöðu TUM. Samþykkt samhljóða.
  - c. Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um hlutverk FUM, þ.e. á hvaða sviðum félagið ætti helst að beita sér.
8. Önnur mál
- a. Fram kom að vefur FUM var ekki opinn fyrir ritstjóra TUM til að setja efni inn á. Fráfarandi formaður ætlaði að skoða málið og setja nýjan formann inn í leiðir að vefnum.
  - b. Á fundinum kom fyrirspurn um hvort TUM ritið væri sent til Tímarit.is. Ákveðið að formaður skoði málið í samráði við ritsstjóra.

Fundi slitið um kl. 13:35

Fundarritari – Börkur Hansen

Viðauki A:

## Aðalfundur Félags um menntarannsóknir fyrir árið 2014

### Skýrsla formanns

Ágætu félagar. Ég vil byrja á að þakka ykkur fyrir samstarfið á síðastliðnu ári. Það er óumdeilt meðal þeirra sem þennan fund sitja mikilvægi þess að halda uppi öflugum starfi á vegum FUM. Því miður gengu áform fráfarandi stjórnar og formanns FUM um að efla starfsemina ekki eftir sl. ár. Óþarfi er að fara yfir ástæður þess í löngu máli hér, en sá sem þetta les tekur sannarlega fulla ábyrgð á því að hafa ekki getað sinnt starfinu sem skyldi vegna flutninga og nýrra starfa á öðrum vettvangi. Of langur tími hefur liðið síðan nýr formaður og ný stjórn hefði þurft að taka við keflinu. Ég trúir þó að nýtt fólk sem nú kemur inn í stjórn FUM lyfti starfinu upp og efli virkni félagsmanna á komandi starfsári. Það eru sannarlega tækifæri til að snúa við blaðinu og standa fyrir fleiri viðburðum, meiri umræðum og aukinni virkni á samfélagsmiðlunum, t.a.m. á Facebook síðu FUM þar sem fjöldi fólks hefur tækifæri til að fylgjast með gangi mála hjá okkur, ef vilji er til þess.

Á síðastliðnu starfsári voru haldnir 9 stjórnarfundir, flestir þeirra sl. haust. Þeir snérust nær eingöngu um það með hvaða hætti félagið greiddi úr fjárhagslegri stöðu sinni gagnvart Háskólaútgáfunni, sem hefur farið með útgáfumál Tímarits um menntarannsóknir. Það verður að segjast að samskipti okkar við Háskólaútgáfuna og upplýsingagjöf þaðan til okkar hefur verið vægast sagt óheppileg. Upplýsingar þaðan hafa verið óljósar og því miður hefur verið erfitt að fá mynd á raunverulegar skuldir okkar við fyrirtækið. Það er brýnt að ná samkomulagi með hvaða hætti við greiðum úr skuld okkar við Háskólaútgáfuna, á sama tíma og eðlilegt væri að fyrirtækið komi til móts við FUM um ákveðið hlutfall niðurfellingar af þessari skuld. Ég trúir því að gjaldkera okkar og nýjum formanni takist að landa þessu máli þannig að sanngirnissjónarmiðum FUM verði mætt.

Fyrir utan umræður stjórnarmanna um leiðir að lausnum hvað snertir skuld félagsins við HÚ voru umræður um stöðu tímaritisins okkar, TUM nokkuð fyrirferðamiklar. Undanfarin ár hefur umræðan um möglegt rafrænt form blaðsins verið tekin reglulega og skoðanir skiptar á því hvert skuli stefna. Með hvaða hætti sé hægt að gera blaðið ódýrara í framleiðslu osfrv. Það bíður nýrrar stjórnar að marka raunverulega stefnu í þessum málum fyrir næstu útgáfu blaðsins. Henni þarf að fylgja vel eftir og kanna til hlýtar þá möguleika sem eru uppi á borðinu um breytt fyrirkomulag útgáfunnar. Einnig er mikilvægt að ræða það umhverfi ritstjóra blaðsins sem við bjóðum uppá, hvert það eigi að vera, hvað og hvort greiða skuli fyrir þá vinnu sem viðkomandi sinnir í ljósi bolmagns félagsins á hverjum tíma.

Það er von mín að nýjum formanni FUM gangi á allan hátt betur en mér að glæða félagið meira lífi á komandi ári og stjórninni að láta verkin tala.

Takk fyrir samstarfið og gangi ykkur vel,

Kristján Þór

